

an 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 12. októbermánaðar.

Nr. 25/1896.

Jón Ívarsson  
 gegn  
 Einari Zoëga.

### Dómur:

Mál þetta, sem er risið út af vangoldnuhjúkaupi og vistarrofum af Jóni Ívarssyni gegn Einari Zoëga fyrverandi húsbónda hans, var dæmt í lögreglurjetti Reykjavíkur 23. nóvbr. f. á. með þeim úrslitum, að Einar Zoëga var sýknaður af kröfum Jóns Ívarssonar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Jón Ívarsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu 21. maímán. þ. á.; hefur hann fengið gjafsókn og sjer talsmann skipaðan. Fyrir landsyfirrjettinum hefur hann krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer kaup-  
 eptirstöðvar fyrir vistarárið 1892—93 með 30 krónum, kaupeptirstöðvar fyrir árið 1894—95 með 40 kr. 55 a. og kaup fyrir vistarárið 1895—96 með 100 kr.; svo hefur hann og krafizt endurgjalds fyrir fatnað árin 1894—95 og 1895—96 60 kr. og matarverðs fyrir 8 mánuði af síðastnefndu ári, eins og líka að stefndi verði skyldaður til að greiða allan málskostnað eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Á hinn bóginn hefur stefndi krafizt

að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins.

Áfrýjandi hefur verið vistráðið hjú stefnda vistarárin 1891—92, 1892—93, 1893—94, 1894—95 og málspörtum kemur saman um að svo hafi einnig verið vistarárið 1895—96. Áfrýjandi segir, að stefndi hafi síðastnefnt vistarár í júlímánudi látið sig fara í kaupavinnu, en er hann hafi komið aptur úr kaupavinnunni í septbr. f. á., hafi hann hvorki sjeð sjer fyrir húsnæði nje fæði, og hafi hann því hlotið að líta svo á, að stefndi hafi rofið vistrarráðin. Hins vegar heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi farið burtu úr vistinni að sjer fornsþurðum og óafvitandi snemma í júlí 1895 og ekkert um það talað við sig, þótt hann nokkrum sinnum hafi mætt honum á strætum bæjarins, og því hafi hann álitíð hann strokinn úr vistinni; hann neitar því að hann hafi lofað áfrýjanda neinu öðru í kaupskyni en 100 kr. á ári og alls ekki neinum fatnaði, og kveðst hafa ekki að eins greitt honum hvern eyri af kaupi hans, heldur miklu fremur eigi hann hjá áfrýjanda allmikið fje, og hefur hann lagt fram reikning, sem á að sanna það. Áfrýjandi hefur ekki gegn neitun stefnda fært nein rök að því, að stefndi hafi gefið honum nokkurt tilefni til að fara úr vistinni; verður því ekki áfrýjanda dæmt neitt kaup nje matarverð fyrir vistarárið 1895—96, og heldur ekki verður krafa hans um endurgjald fyrir fatnað tekin til greina, því hann hefur ekki gegn mótmælum

stefnda sannað, að hann, auk kaups, 100 kr., hafi átt að fá 1 fatnað á ári hverju.

Þá eru að eins 70 kr. 55 a. eptir af kröfu áfrýjanda, sem sje eptirstöðvar af kaupi hans 1892—93 og 1894—95, 30 kr. fyrir fyrra árið og 40 kr. 55 a. fyrir síðara árið, og hefur hann miðað þessa síðasttöldu upphæð við reikning þann, sem áður er áminnt að stefndi lagði fram í málinu og stilaður er til áfrýjanda. Áfrýjandi kannast við úttekt sína eptir þessum reikningi að því er snertir kr. 60,11 en neitar því að hann sje rjettilega skuldaður fyrir 95 a. fyrir  $\frac{1}{2}$  pd. af munntóbaki og 180 kr. fyrir tóbaki og brennivíni, er stefndi segir að áfrýjandi hafi fengið hjá sjer síðustu  $4\frac{1}{2}$  árin, sem hann var hjá honum. Áminnt  $\frac{1}{2}$  pd. af tóbaki segist áfrýjandi alls ekki hafa fengið, og er sú neitun hans ekki hrakin, og að því er 180 kr. skuldina snertir hefur hann að vísu kannast við það, að hann stundum hafi fengið brennivín í kaffi og tóbak hjá áfrýjanda, en hann hafi eigi ætlazt til eða búizt við því, að sjer væri fært það til reiknings. Það verður nú eigi heldur álitid, að húsbóndi geti fært vinnuhjúi sínu til reiknings brennivín það, sem hann lætur það fá í kaffi eða með mat, nema sjerstaklega sje samið á þá leið. Í þessu máli hafa að vísu vitni borið það, að áfrýjandi hafi optsinnis, er hann þannig fjekk brennivín hjá stefnda, sagt við hann, að hann skyldi skrifa það í reikning sinn, en það verður eigi frekara lagt í þetta en að áfrýjandi hafi lofað að borga brennivínið eptir rjettum reikn-

ingi. En nú hefur stefndi eigi lagt fram slíkan reikning, og það virðist mega ráða það af því, sem fram er komið í málinu af hans hálfu, að hann hafi alls eigi haldið neinn reikning yfir brennivíns-úttektina þessi 4½ ár, sem um er að ræða. Og á sama hátt er því varið með tóbaks-úttektina. Áfrýjandi virðist eigi skyldur að svara til hennar nema eptir sundurliðuðum reikningi yfir úttektina, þannig að tóbakið sje tilfært í honum, jafnótt og hann fjekk það. Þessi tóbaks- og brennivínskrafa hins stefnda, sem ekki byggist á neinum reikningi, verður því ekki tekin til greina, og með því að stefndi hefur eigi borið það fram, að hann hafi á annan hátt borgað áðurgreindar 40 kr. 55 a., verður að dæma hann til þess að greiða þær, og hið sama er og um 30 kr. kaupertirstöðvarnar frá 1892—1893, sem stefndi einnig segir að áfrýjandi hafi fengið goldnar með tóbaki og brennivíni, enda virðist stefndi sjálfur hafa kannast við þessar kaupertirstöðvar eða að minnsta kosti skuld til áfrýjanda, sem nam hærri upphæð en þær eru, því að hinn 29. ágúst 1893 lofar hann skriflega að borga öðrum manni fyrir áfrýjanda 80 kr., en af þessari upphæð verður eigi sjud að hann hafi borgað meira en 50 kr. Samkvæmt hinu framanritaða þykir rjett að dæma stefnda til að borga áfrýjanda 70 kr. 55 a. Eptir málavöxtum er og rjett að sakarkostnaður fyrir báðum rjettum falli niður, en málflutningslaun hins skipaða sækjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 15 kr., greiðist úr landsjóði.

Jafnframt vottast, að málssóknin við yfirdóminn hefur verið vitalaus.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Einar Zoëga greiði áfrýjanda Jóni Ívarssyni 70 kr. 55 a. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður. Málfutningslaun hins skipaða sækjanda við yfirdóminn, málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 15 kr., greiðist úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja, áður liðnar sju 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 11/1896.

Eigandi Hjarðarholtskirkju,  
Jón Tómasson,  
gegn

upprekstrarfjelagi Hvítársíðu-, Þverár-  
hlíðar- og Stafholtstungnahreppa og  
Norðurárdalshrepps austan Norður-  
ár og Sanddalsár.

Dómur:

Mál þetta var í hjeradi höfðað af hinu stefnda upprekstrarfjelagi gegn áfrýjandanum sem umráðamanni og síðan eiganda Hjarðarholts í Stafholtstungum eða kirkjunnar þar, er í því skyni fjekk gjafvörn fyrir undirrjettinum, út af ágreiningi um eignarrjettinn að landshluta nokkrum í svonefndum Hellistungum, sem takmarkast af Norðurá,